

Öryggisblað (MSDs)

Samkvæmt reglugerð UST nr. 750/2008 (REACH)

1. Vöruheiti - notkun - innflytjandi/framleiðandi

Vöruheiti:	Turtle Wax Interior 1
Vörunúmer:	FG4474
Notkunarsvið:	Innréttingahreinsiefni fyrir bíla
Framleiðandi:	Turtle Wax Limited Skelmersdale, Lancashire, England WN8 9TX
Söluaðili:	N1 Dalvegur 10-14 201 Kópavogur 440 1000
Sími:	
Netfang:	n1@n1.is
Veffang:	www.n1.is

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222.
Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

Áhrif á fólk og umhverfi: Varan er flokkuð sem hættuleg samkvæmt EB tilskipunum 67/548 og 1999/45.

Varnaðarmerki: **F+** **Afar eldfimt**



Afar eldfimt

Hættusetningar:	H12	Afar eldfimt
Varnaðarsetningar:	V2	Geymist þar sem börn ná ekki til
	V16	Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar
	V23	Varist innöndun gufu/úða
	V51	Má aðeins nota á vel loftræstum stað

Annað: Úðabrúsi, haldið fjarri hita- og neistagjöfum og hitastigi yfir 50°C. Innihald er afar eldfimt og sprengifimar blöndur gufu og lofts geta myndast við herbergishita. Gatið ekki brúsa jafnvel þótt hann teljist tæmdur.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning - upplýsingar um innihaldsefni

	EB-nr.	CAS-nr.	Styrkur %	Raðnúmer.	H-setningar	Hættuflokkun
Alkóhól etoxýlat (C6-C16 50%)	-	71243-46-4	5-10	-	H36/38	Xi
Bútan	203-448-7	106-97-8	0-5	601-004-00-0	H12	F+
Natríumhýdroxíð	215-185-5	1310-73-2	0-5	-	H35	C

Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.

Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Skyndihjálp

Almennt: Öryggisblað skal ávallt vera tiltækt á vinnustað. Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf. Tryggið ferskt loft. Veitið öndunaraðstoð, andi sá slasaði óreglulega eða alls ekki. Ef grunur um heilsutjón vaknar skal strax leita læknis. Sýnið öryggisblaðið. Sé sá slasaði meðvitundarlaus, leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax læknis. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

Inntaka:	Hreinsið munn vandlega. Framkallið ekki uppköst. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki skjótt.
Innöndun:	Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Leitið læknis.
Snerting við húð:	Ertir húð. Hreinsið strax með sæpu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis ef erting eða önnur einkenni hverfa ekki skjótt.
Snerting við augu:	Getur valið ertingu í augum. Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15. mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skulun. Leitið læknis ef erting eða önnur einkenni hverfa ekki skjótt.
Helstu einkenni:	
Innöndun:	Getur valdið sljóleika og svima.
Inntaka:	Getur valdið ógleði og uppköstum.
Snerting við húð:	Erting í húð.
Snerting við augu:	Erting í augum.

5. Bruni - slökkviaðgerðir

Almenn viðbrögð:	Fjarlægið umbúðir af eldstað ef mögulegt er, kælið annars með vatnsúða Gætið þess að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.
Slökkvibúnaður:	Alkóhólþolin froða eða koldíoxíð.
Séstök hætta:	Gufa getur borist umtalsverða leið að íkveikuvöldum.
Sérstakur hlífðarbúnaður:	Notkun fer eftir umfangi eldsvoðans. Mælt er með notkun á hlífðarbúnaði til að hindra snertingu við augu og húð. Forðist innöndun gufu.

6. Efnaleki

Öryggisráðstafanir:	Notið viðeigandi persónuhlífar, sbr. 8.lið. Tryggið góða loftræstingu. Haldið fólki fjarri. Fjarlægið alla íkveikuvalda.
Ráðstafanir v. umhverfis:	Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.
Hreinsunaraðferðir:	Notið viðeigandi hlífðarbúnað. Sé um lítið magn að ræða, þurrkið upp með klút eða skolið með vatni. Meira magn má þurrka upp með ísogsefni og koma fyrir í vel merktu íláti með þéttri lokun. Hreinsið mengað svæði vandlega með vatni.

7. Meðhöndlun og geymsla

Meðhöndlun:	Fylgið almennum ráðstöfunum og takmörkunum sem tíðkast við meðhöndlun efna. Tryggið góða loftræstingu. Notið sprengifrían búnað (ATEX). Forðist losun út í umhverfið. Forðist innöndun úða. Fjarlægið mengaðan fatnað strax. Forðist snertingu við húð og augu. Hreinsið húð með miklu vatni og sæpu að notkun lokinni. Neytið ekki fæðu, né reykið á stöðum þar sem efnið er notað eða geymt. Notið viðeigandi persónuhlífar skv. grein 8.
Geymsla:	Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum við herbergishita á þurrum, vel loftræstum stað. Neytið einskis í námunda við efnið. Geymist þar sem börn ná ekki til. Gatið hvorki né brennið tóma úðabrusa. Haldið fjarri hita- og neistagjöfum, og opnum eldi. Haldið fjarri sólarljósi og hitastigi yfir 50°C.

8. Takmörkun váhrifa - persónuhlífar

Mengunarmörk:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	
Natríumhýdroxíð				2	
Bútan	600	1450	750	1810	

Almennar ráðstafanir:	Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Haldið fjarri eldi og neistagjöfum. Reykið ekki.
Persónuhlífar:	
Öndunarfæri:	Öndunargrímur/öndunarbúnaður er ekki nauðsynlegur við venjulegar aðstæður.
Hendur:	Efnaheldir hanskar (PVC).
Húð:	Hreinsið allan mengaðan fatnað fyrir endurnotkun. Hreinsið hendur vandlega eftir vinnu með vöruna.
Augu:	Notið öryggisgleraugu af viðurkenndri gerð.

Umhverfi: Forðist eld og neistagjafa. Neytið einskis meðan á notkun efnisins stendur. Hreinsið húð svo fljótt sem auðið er. Fjarlægjið mengaðan fatnað svo fljótt sem unnt er. Neytið einskis né reykið í námunda við efnið.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Eðlisástand: Vökvi. (úðabrúsi aerosol)
Lykt: Einkennandi
Litur: Hvítur
Blossamark: -2°C
Suðumark: 35°C
Uppgufunarhraði: <0,1 (bútýl asetat =1)

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

Stöðugleiki: Stöðugt við venjulegar aðstæður.
Aðstæður að varast: Hátt hitastig, opinn eldur, neistar.
Hættuleg niðurbrotsefni: Engin.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

Eitrunaráhrif: Skaðleg áhrif á fólk eru ekki þekkt.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

Visteitunhrif: Getur valdið skaðlegum langtímaáhrifum á lífríki í vatni.
Uppsöfnun í lífverum: Ekki hætta á uppsöfnun.

13. Förgun

Vara: Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Þynnið með vatni. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku.
Umbúðir: Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og efnið sjálft.

14. Flutningar

ADR

UN Númer: 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS
Hættuflokkur: 2
Þökkunarflokkur: -
Hættuundirflokkur: SP63

IATA:

UN Númer: 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS
Hættuflokkur: 2.1
Þökkun: Flokkur 203 - 150 kg hámark (frakt)
Hættuundirflokkur: SP63

IMDG:

UN Númer: 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS
Hættuflokkur: 2
EmS: F-D, S-U
Sjávarmengandi: Nei

Varúðarmerking



15. Lög, reglugerðir og merkingar

Varnaðarmerkingar eru samkvæmt reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og upplýsingum frá framleiðanda. Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir. (REACH) og EB 1907/2006.

16. Aðrar upplýsingar

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði:

H12	Afar eldfimt
H35	Mjög ætandi
H36/38	Ertir augu og húð

Útgáfa: 1.
Dags: 02.06.2012

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

TURTLE WAX LTD. SAFETY DATA SHEET
FG4474-720B INTERIOR 1 UPHOLSTERY AND CARPET CLEANER

Útgáfa:

02.05.2012